



31. maí 2023  
Tilv.: 2305173

Dreifibréf nr.: 23/2013  
til lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar

*Efni:* Tilgreind séreign og gagnaskil á sundurliðun fjárfestinga

Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands er kunnugt um að lífeyrissjóðir og aðrir vörsluaðilar séreignarsparnaðar eru að bjóða upp á mismunandi sparnaðarleiðir fyrir tilgreinda séreign. Með breytingarlögum nr. 55/2022 frá 1. janúar 2023 var tilgreind séreign lögfest og telst hún nú til lágmarkstryggingaverndar og lýtur þannig fjárfestingarheimildum samtryggingadeilda lífeyrissjóða.

Framangreint felur í sér að fjárfestingarstefnur þeirra séreignadeilda sem taka við tilgreindri séreign skulu vera í samræmi við fjárfestingarheimildir VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Af þessu tilefni beinir fjármálaeftirlitið því til lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar að yfirfara hvort fjárfestingarstefnur séreignadeilda þeirra sem taka við tilgreindri séreign séu í samræmi við fjárfestingarheimildir samtryggingadeilda.

Þá óskar fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum um nöfn þeirra séreignardeilda og auðkenna vegna rafrænna gagnaskila sem taka við tilgreindri séreign. Þess er óskað að umbeðnum upplýsingum verði skilað eigi síðar en 9. júní nk. á netfangið [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is) með tilvísun í málsnúmer 2305173.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson  
frankvæmdastjóri  
varúðareftirlit

Jónas Þór Brynjarsson  
forstöðumaður  
varúðareftirlit

